

Fundargerð

63. stjórnarfundur FHA haldinn 6. okt. 2014 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Guðmundur Óskarsson (GKÓ), Ólína Freysteinsdóttir (ÓF) og Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir. Pia Viinikka, Hreiðar Valtýsson og Þorlákur Axel Jónsson boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Samþykkt fundagerða

Fundargerðir fyrir stjórnarfund 26. ágúst og 9. sept. voru samþykktar.

2. Kjaramál

Formaður kynnti stöðuna varðandi kjaramál. Líkur eru á því að BHM fari í sameiginlegar viðræður varðandi kjarasamninga næsta vor, alla vega í fyrstunni. Við setjum okkur ekki upp á móti því enda verður ekki um það að ræða að afsala sér samningsréttinum heldur ræða saman sameiginlegar kröfur. Einnig var stofnanasamningurinn ræddur og hugsanlegar breytingar á honum. Líklegt er að kennslulíkanið verði tekið upp og endurskoðað. Skoða með að sérfræðingar (RHA, RMF og Skólaþróun) hafi aðgengi að vinnumatssjóðnum. Leggjum einnig áherslu á að koma á framgangskerfi vegna annarra starfsmanna.

3. Önnur mál

- a. Námssjóður – umsóknir í námssjóð voru samþykktar með fyrirvara um að viðkomandi umsækjandi fullyrði skilyrði. Umsóknir sendar til Ásu til yfirferðar og greiðslu eða höfnunar.
- b. Ræddum um fundinn með rektor og það sem þar fór fram
- c. Ræddum um endurskoðun á námsumsóknnum eins og aðalfundur ákvað.
- d. Rædd um nokkrar mögulegar upptakomur fyrir félagsmenn og ákveðið var að hafa heilsueflingardag þar sem boðið væri upp á skyndihjálparnámskeið, blóðsykursmælingar og stillingar á skrifstofustólum. Einnig ætlum við að skoða að fá fyrirlesara til að vera með okkur.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 13:30

Hjördís Sigursteinsdóttir, fundarritari.